



Gjaldskrárreglur Leikskólans Leikholts

Gjaldskrá leikskólans er endurskoðuð einu sinni á ári af skólanefnd sem gerir tillögu til sveitarstjórnar um breytingar á henni.

Sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur greiðir að stærstum hluta kostnað við leikskóladvöl barna og fæðiskostnað í leikskólanum Leikholti. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í hlutfalli við dvalartíma barns þeirra skv. dvalarsamningi, vistunargjald, og hluta kostnaðar við þær máltíðir sem barnið fær í leikskólanum, fæðisgjald. Að auki greiða foreldrar fyrir þann tíma sem börn þeirra dvelja umfram skilgreinds opnunartíma, umframvistunargjald.

Hægt er að sækja um endurgreiðslu á fæðisgjaldi eftir á ef barn hefur verið veikt í samfelld eina viku. Ef um lengri veikindi er að ræða er endurgreiðsla metin hverju sinni. Með beiðni um endurgreiðslu ber að framvísa læknisvottorði.

Ef barn er í fríi meira en eina viku geta foreldrar sótt um niðurfellingu á fæðisgjaldi fyrir umbeðna daga. Sækja þarf um niðurfellingu fyrirfram með mánaðar fyrirvara.

Hægt er sækja um að fá niðurfellingu á umframvistunargjöldum í lengri tíma, miðast við heilar vikur, ef ósk um slíkt berst til leikskólastjóra með mánaðar fyrirvara áður en leyfi á að hefjast (hvert tilfelli verður þó metið fyrir sig). Niðurfelling gjalda er færð til frádráttar í mánuðinum eftir á. Að öðrum kosti telst dvalarsamningurinn í gildi og greiða þarf fullt gjald fyrir plássíð. Ekki eru greidd leikskóla- eða fæðisgjöld á meðan leikskóli er lokaður vegna sumarlokunar.

Ef um þriggja mánaða skuld eða eldri er að ræða skoðast það sem uppsögn á leikskóladvöl. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður og miðast við mánaðamót.

Afslættir:

Systkinaafsláttur: Veittur er systkinaafsláttur af vistunargjaldi, 25% fyrir annað barn og 50% fyrir þriðja barn. Systkinaafsláttur gildir á milli leikskóla og skólavistunar. Afsláttur reiknast á elsta barnið. Skilyrði afsláttar er að börn hafi sama lögheimili og fjölskyldunúmer í Þjóðskrá.

Einstæðir foreldrar: Veittur er afsláttur af vistunargjaldi fyrir einstæða foreldra, 25%.

Hefji einstætt foreldri sambúð skal það greiða herra gjald frá þeim tíma sem sambúð hefst. Slíti foreldrar sambúð, skal leggja fram vottorð frá sýslumanni til að fá lækkun á gjaldi.

Þegar afsláttarreglur eiga við er einungis veittur afsláttur af vistunargjaldi en ekki fæðisgjaldi. Ekki er hægt að fá bæði systkinaafslátt og afslátt sem einstætt foreldri.

Afsláttur er ekki veittur afturvirk.

Samþykkt í sveitarstjón 02.04.2025